



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Samþykkt um kattahald í Tálknafjarðarhreppi.

1. gr.

Kattahald í Tálknafjarðarhreppi er háð leyfum og bundið þeim skilyrðum sem nánar eru tilgreind í samþykkt þessari.

2. gr.

Stjórnarsýsla

Hreppsnefnd er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í þéttbýli í sveitarfélaginu leyfi til kattahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem það er gefið út fyrir. Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en þrjá mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

3. gr.

Kattahald í fjöleignarhúsum

Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi, skal umsókninni fylgja skriflegt samþykki allra eigenda íbúða í stigaganginum, svo og leigutaka, ef um leiguíbúðir er að ræða. Leigjandi þarf jafnan að framvísa samþykki leigusala síns.

4. gr.

Leyfisgjald og skráningargjald

Skráningargjald skal greiða við skráningu kattarins.

Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða árlega til sveitarsjóðs, eftir gjaldskrá sem hreppsnefnd setur, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Leyfisgjaldið er greitt fyrirfram 1. júlí ár hvert og hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi. Ekki skal innheimta leyfisgjald sama ár og köttur er skráður.

5. gr.

Ormahreinsun

Við greiðslu gjalds skv. 4. gr. ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Hvatt er til reglulegra bólusetninga katta gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

6. gr.

Gelding

Gelda skal alla fressketti sex mánaða og eldri sem ganga lausir utandyra. Hvatt er til slíks hins sama fyrir læður. Við greiðslu gjalds skv. 4. gr. ber eiganda að framvísa staðfestingu dýralæknis á því að gelding hafi farið fram og mun þá hljóta afslátt sbr. 5. gr. gjaldskrár fyrir kattahald í Tálknafjarðarhreppi.



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



7. gr.

Tryggingar

Hver köttur sem veitt er leyfi fyrir skal ábyrgðartryggður og skal sveitarfélagið annast þá tryggingu. Tryggingin skal ná til alls tjóns sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum og munum. Gjald fyrir ábyrgðartryggingu innheimtist með leyfisgjaldi.

8. gr.

Merking katta

Kötturinn skal ávallt bera hálsól. Á ólinni skal vera bjalla, auk upplýsinga um heimilisfang eiganda og símanúmer.

9. gr.

Ónæði og óþrif af völdum katta

Eigandi og umráðamenn skulu gæta þess að kötturinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna. Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá er skylt að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

10. gr.

Tillit til fuglalífs á varptíma

Eigendum og umráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útiveru katta.

11. gr.

Óheimilir staðir

Köttum má ekki hleypa inn í fyrirtæki og stofnanir, sbr. fylgiskjal 3 með reglugerð um hollustuhætti, þar sem matvæli eru meðhöndluð, sbr. reglugerð um matvæli, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð um neysluvatn og ölkelduvatn.

12. gr.

Dýraeftirlitsmaður

Tálknafjarðarhreppur getur ráðið sérstakan dýraeftirlitsmann. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði hreppsnefndar. Hann tekur óskilaketti og flækingsketti í vörslu.

Halda skal skrá yfir ketti sem veitt er leyfi fyrir, þar sem fram koma upplýsingar um köttinn og eiganda hans. Skráin skal verða aðgengileg á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, dýraeftirlitsmanni, sé hann starfandi.

13. gr.

Handsömun katta

- 1) Sé köttur ómerktur.
- 2) Sé ítrekað kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði
- 3) Sé köttur innandyra hjá nágranna í leyfisleysi, á óheimilum stað sbr. 11. gr. eða án samþykkis í fjölbýlishúsi, sbr. 3. gr.

Sé fangaðra katta ekki vitjað innan einnar viku, er heimilt að láta aflífa þá.



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



14. gr.

Umsókn um leyfi

Umsóknir um leyfi til kattahalds skal leggja fram á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps á þar til gerðum eyðublöðum.

15. gr.

Refsiviðurlög

Um brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

16. gr.

Lagagrundvöllur

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Tálknafirði 13. desember 2018

Bryndís Sigurðardóttir

sveitarstjóri